

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 49/1981. **Eiríkur Pálsson**

Þorvaldur Björnsson og

Þorvarður Júlíusson

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Veðifélagi Miðfirðinga og

landbúnarráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Kröfugerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 4. febrúar 1981, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1981.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að ógild verði metin gagnvart þeim ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði að svo miklu leyti sem ákvæðin ganga lengra til skerðingar á rétti þeirra til að leggja net og hafa ádrátt í sjó en ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 53/1957. Þá krefjast þeir, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim óskipt málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 8. janúar 1981.

Dómkröfur stefnda Veðifélags Miðfirðinga eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en veðifélagið, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 24. nóvember 1981.

Stefndi landbúnarráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur sækja allir mál sitt saman. Þeir hafa ekki markað dómkröfur sínar skýrlega um það, hverjar séu takmarkanir á veiðirétti samkvæmt 2. tl. 15. gr. laga nr. 76/1970, er þeir krefjast, að sér verði dæmt óskýlt að hlíta. Þegar af þessari ástæðu og með skírskotun til 67. gr. laga nr. 85/1936 ber að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða málskostnað stefnda Veiðifélags Miðfirðinga, 9.700.00 krónur í héraði og 10.000.00 krónur fyrir Hæstarétti, og á hann að renna í ríkissjóð. Þá ber og að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, er ákveðast samtals 14.900.00 krónur.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Veiðifélags Miðfirðinga í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, er ákveðst samtals 14.900.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Erikur Pálsson, Þorvaldur Björnsson og Þorvarður Júlíusson, greiði málskostnað stefnda Veiðifélags Miðfirðinga bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 19.700.00 krónur, og renni hann í ríkissjóð.

Áfrýjendur greiði stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður og gjafvarnarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, samtals 14.900.00 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda Veiðifélags Miðfirð-

inga, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 14.900.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála meiri hlutanum í því að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Enda þótt dómkrafa aðaláfrýjanda sé að vísu ekki svo hnitmiðuð og afmörkuð og æskilegt hefði verið, þá tel ég hana allt að einu dómhæfa sem „ákveðna kröfu“ í skilningi 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ég hefði því talið rétt að dæma mál þetta að efni til, enda hafa afarýjendur lögmætra hagsmuna að gæta. En úr því að meiri hlutinn er annarrar skoðunar, kemur eigi til þess, að ég lúki efnisdómi á málið.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 4. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., var þingfest 30. júní 1978, er höfðað með stefnu, útgefinni 21. þ. m., af Eiríki Pálssyni, Syðri-Völlum, Þorvaldi Björnssyni, Litla-Ósi, og Þorvarði Júlíussyni, Söndum, á hendur þeim Böðvari Sigvaldasyni, Barði, formanni stjórnar veiðifélags Miðfirðinga, og Halldóri E. Sigurðssyni, landbúnaðarráðherra þáverandi, f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnenda eru, að ógild verði metin gagnvart þeim ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði að svo miklu leyti sem ákvæðin ganga lengra til skerðingar á rétti þeirra til að leggja net og hafa ádrátt í sjó en ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 53/1957 og að stefndu verði in solidum dæmdir að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi Böðvar Sigvaldason, formaður stjórnar Veiðifélags Miðfirðinga, f. h. veiðifélagsins gerir þær dómkröfur, að hann verði alfarið sýknaður af kröfum stefnenda, auk þess krefst hann þess, að stefnendur verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi landbúnaðráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu. Í báðum tilfellum gerir hann kröfur til þess, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Forsaga þessa máls.

Frá örófi alda hafa menn stundað fiskveiðar í ám og vötnum. Oft var allt kvikt hirt og ekki hugsað um að viðhalda stofninum. Fyrir einni öld, eða með lögum nr. 5 frá 19. febrúar 1886, er reynt að hamla á móti gegndarlausri veiði, eða réttara væri að orða það rányrkju, þessara náttúruauðlinda með því að tryggja viðhald fiskistofna þeirra, sem um er að ræða, þ. e. lax og silungs.

Nú er það kunn staðreynd, að sjávargöngufiskar safnast saman við ársósana á mótum salta og ósalta vatnsins, áður en þeir ganga upp. Með lögnum frá 1885, nr. 5, var ákveðinn veiðitími þrír mánuðir yfir sumarið og 36 stunda hvíld, helgarfriðun, í hverri viku. Þá var ákveðið, að ekki mætti draga fyrir í árósum nema að deginum og fyrir göngu annars hvors flóðs. Með lögnum um lax- og silungsveiði nr. 61 frá 23. júní 1932 eru laxveiðar í sjó bannaðar, og ekki má hafa ádrátt nær árósum, þar sem lax gengur í árnar, en 500 metra og veiði í árósum sett ákvæðin takmörk.

Með lögum um lax- og silungsveiði nr. 53 frá 5. júní 1957 eru ákvæðin enn hert og bannað í 15. gr., 2. mgr., að leggja silungsnet í sjó nær árósi en 500 metra, og með lögnum um lax- og silungsveiði nr. 76 frá 25. júní 1970 er þetta ákvæði enn hert og fjarlægðin frá árósi, sem heimilt er að leggja silungsnet, lengd upp í 1000 metra eða 2000 metra eftir vatnsmagni viðkomandi ár. En það er einmitt þessi lenging fjarlægðarinnar frá árósum, þar sem ekki er heimilt að leggja silungsnet, sem stefnendur þessa máls vilja ekki una við og telja, að brjóti í bága við 67. gr stjórnskrárinnar.

Lögmaður stefnenda flutti mjög yfirgripsmikla og fróðlega ræðu um veiðiréttindi og hvenær væri nauðsyn friðunar. Svo og liggja fyrir tvær skriflegar varnir á dómskj. nr. 21 og 22. Þar eru vangaveltur um nauðsyn friðunar og vitnað í greinargerðir með frumvörpum til laxveiðilaga og annarra heimilda.

Þetta er allt góðra gjalda vert, en kemur ekki til álita hér, vegna þess að það er ekki dómsins að meta þörf friðunar, heldur Alþingis og þeirra stjórnvalda, sem með þau mál fara. Dómsins er aðeins að skera úr um, hvort ákveðnar friðunaraðgerðir séu þess eðlis, að þær verði taldar skerða eignarréttarákvæði stjórnskrárinnar, eða í þessu tilviki, hvort ákvæðin um lengd bannsvæðis við árósa í 15. gr. laga nr. 76 frá 1970 séu þess eðlis, að þau brjóti í bága við 67. gr. stjórnskrárinnar.

Stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélags Miðfirðinga gerir þá dómkröfu, að veiðifélagið verði sýknað. Greinargerð lögmanns þess fjallar þó um efnishlið málsins og virðist byggja sýknukröfu sína á því, að krafa stefnenda eigi ekki stöð í lögum. En í munnlegum málflutningi kom einnig fram, að veiðifélagið sé ekki réttur aðili, eða m. ö. o. sýknukrafa stefnda

byggist á aðildarskorti. Á þetta sjónarmið stefnda verður fallist. Stefndi getur engin áhrif haft á lagasmíð í þessu landi umfram það, sem aðrir borgarar geta eða réttaraðiljar. Veðifélög og starfsmenn þeirra verða að fara að gildandi lögum og veðifélög eiga rétt á, að löggæslumenn veiti þeim sem öðrum aðiljum í landinu sömu vernd og aðstoð við framkvæmd laga sem öllum borgurum þessa lands. Krafa stefnenda byggist á því, að viðurkenndur verði réttur þeirra til athafna, sem nú er bannaður með lögum. Hvort sem verður fallist á þá kröfu eða ekki, þá verður stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veðifélgas Miðfirðinga að taka mið af gildandi lögum. Þessi aðildarskortur kemur gleggst fram í því, að við sáttaumleitanir hefði stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veðifélags Miðfirðinga ekki getað samþykkt heimild fyrir stefnendum að leggja net sín nær árósum en lög segja til um og lokið þannig málinu með sátt. Með tilvísun til 45. gr. einkamála-laga ber því að sýkna stefnda Böðvar Sigvaldason f. h. Veðifélags Miðfirðinga af öllum kröfum stefnenda í máli þessu. Málskostnaðarkrafan verður tekin sérstaklega fyrir í dómi þessum.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þá aðalkröfu, að máli þessi verði vísað fra dómi, en til vara sýknu af kröfum stefnenda.

Frávísunarkrafan kom fram í þinghaldi 24. október 1978 bæði í greinargerð stefnda og einnig bókuð í þingbók. Þessari frávísunarkröfu var synjað með úrskurði aukadómþingsins 30. nóvember 1978. Vísað er til forsendna þess úrskurðar. Við þær forsendur er engu að bæta öðru en því, að undirstrika vald dómstóla til þess að leysa úr lagaþrætum manna og réttaraðilja í þjóðfélaginu og nauðsyn þess, að málin verði krufin efnislega, en ekki sé verið að hengja sig í formsatriðum, sem aðeins fresta og tefja úrlausn mála.

A dómskj. nr. 31 ítrekar lögmaður stefnda landbúnaðarráðherra kröfu sína um frávísun þrátt fyrir áðurgenginn úrskurð um synjun og byggir á þeirri málsástæðu, að honum hafi láðst að geta þess, að frávísunarkrafan hefði átt að byggjast á þeirri höfuðmálsástæðu, að krafa stefnenda samrýmdist ekki 67. gr. einkamálalaga, þar sem verið sé að fiska eftir áliti dómsins á vissri lagsetningu án tengsla við nokkra dómkröfu. Í munnlegum málflutningi kom fram, að þar sem engin skaðabótakrafa sé höfð uppi, eða m. ö. o. að þar sem ekki sé gerð bein peningakrafa, þá sé krafan þess eðlis, að líta beri á hana sem beiðni um lögfræðilega túlkun dómstólanna á ákveðnu úrlausnarefni.

Á þessa skoðun getur dómurinn ekki fallist. Stefnendum gera kröfu um, að réttur þeirra til þess að veiða nær árósum en ákvæði í laxveiðilögunum segja til um verði viðurkenndur þrátt fyrir lagaákvæðin, því þeir telja, að ákvæði laga brjóti í bága við stjórnarskrána sem óeðlileg höft á athafnafrælsi einstaklinga, er ekki hafi almennigsheill að markmiði. Ef dómstólar

féllust á skoðun stefnenda, mættu þeir leggja net sín í 500 metra fjarlægð frá árósum alveg án tillits til ákvæða 15. gr. laga nr. 76 frá 1970. Hafni dómstólarnir hins vegar þessari kröfu, þá verða stefnendur að sæta ákvæðum áður tilvitnaðrar lagagreinar og mega ekki leggja nær en 1 eða 2 kílómetra eftir vatnsmagni áнна. Hér er því um ákveðið úrlausnarefni að ræða, t. d. alveg hliðstætt því, að maður vilji fá viðurkenndan umferðarrétt um ákveðið landsvæði. Þar kæmu engar fjárkröfur til greina. Þetta hefði lögmaðurinn átt að vita, því nýgenginn er dómur í máli, þar sem þessi sami lögmaður gerði kröfu um slíkan umferðarrétt f. h. umbjóðenda sinna.

Úrskurðurinn frá 30. nóvember 1978 um synjun frávísunarkröfu var ekki kærður. Hefði úrskurðinn verið kærður, gat þetta orðið fordæmismál um, hvernig haga ætti málshöfðun á hendur ríkisvaldinu, þegar um almennar kröfur er að ræða. Nú er þetta mál þess eðlis, að líkurnar fyrir því, að aðiljar fallist á niðurstöðu héraðsdóms, eru hverfandi. Það verður því að telja mjög æskilegt að fá úr því skorið, hverjum á að stefna f. h. ríkisvaldsins í málum sem þessum. Það getur héraðsdómur ekki gert endanlega. Þessi ástæða því ein út af fyrir sig væri nægjanleg til þess að synja um frávísun.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, getur dómurinn ekki fallist á það að vísa málinu frá og synjar því frávísunarkröfu stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs.

Málið verður nú tekið til efnislegrar meðferðar, þ. e. hvort ákvæði 15. gr., 2. mgr., laga nr. 76/1970 brjóti í bága við stjórnarskrána, 67. gr., eða ekki.

Þegar Alþingi setur lög um friðun dýra, fugla eða fiska, taka þau lög til alls landsins. Aðstæður eru mismunandi. Sums staðar falla ár í þrönga firði, sem nánast eru framlenging áнна, en annars staðar falla þær svo til í opið haf. Sumar árnar eru smáar og jafnvel hindrun við ósinn, þannig að laxinn safnast saman fyrir frama og kemst ekki upp, eða þá litaðar stórar, þar sem laxinn á greiðan aðgang upp. En sömu reglur gilda fyrir allar ár og alla árósa.

Friðunarreglur eru fyrst og fremst settar til þess að viðhalda viðkomandi tegund og því beinlínis settar eigendum hlunninda og notendum veiðiréttar til gagns. Þetta sjónarmið er yfirleitt viðurkennt. T. d. hefur engum dottið í hug eða a. m. k. ekki barist fyrir því opinberlega að mega skjóta rjúpu á öðrum tíma en lög segja til um, vegna þess að friðunarákvæði rjúpunnar brjóti í bága við fullkominn umferðarrétt og nýtingu hans á landareign sinni. Þó er þessi skerðing ekkert minni en t. d. það að takmarka veiði við árósa. Að vísu snertir bannið við veiði í árósunum færri menn og færri aðilja í landinu, en á þeim tíma, er þetta ákvæði var sett, var gert ráð fyrir skaðabótum af þessari veiði.

Það verður því að líta svo á almennt séð, að reglur, sem settar eru til

verndunar hagsmunum manna í bráð og lengd, brjóti ekki í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, ef þær eiga að taka til allra þeirra, sem eins er ástatt um, jafnvel þótt þær skerði möguleika einstakra manna á að hrifsa það úr ríki náttúrunnar, sem þeir gætu, ef engar reglur yrðu settar.

Það eru ekki rök í þessu máli, að veiði ekki ósabændur laxinn eða silunginn, þá sé aðeins verið að hygla bændum, sem eiga land að ánum ofar í landinu. Lífsferill laxa og göngusilunga er nú einu sinni þannig, að þeir hrygna í ám, en ganga svo til sjávar í fæðuleit og til vaxtar. Þess vegna er það til hags báðum aðiljum, að vilhald stofnsins sé tryggt, en það verður aðeins tryggt með friðunaraðgerðum. Þessar friðunaraðgerðir ganga misjafnlega langt, en séu þær fyrst og fremst gerðar með það markmið að tryggja hæfilega nýtingu veiði eða hlunninda eru þær ekki andsnúar eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, heldur beinlínis til framdráttar þeim hagsmunum, sem stjórnarskráin er að vernda. Enda viðurkenna stefnendur þetta með kröfugerð sinni, þar sem þeir vilja viðhalda eldri friðunarákvæðum, en mótmæla frekari verndunarákvæðum í lögnum frá 1970.

Nú á síðustu árum hafa verið sett lög og reglugerðir um takmarkanir og bönn á veiðum ýmissa fiska og raunar einnig fugla og dýra. Í sumum tilfellum eru gífurlegir hagsmunir í veði, og veiðibann getur þýtt milljónatjóna. Samt sem áður sætta menn sig við þett vegna þess, að þetta er talið nauðsynlegt til verndar viðkomandi stofni og þá um leið til verndar afkomu þeirra, er þær veiðar stunda.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er sagt, og til almennrar skilgreiningar á eignarréttarhugtakinu þá verður ekki litið svo á, að fiskverndunarákvæði í 2. mgr. 19. gr laga um lax- og silungsveiði nr. 76 frá 1970 brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33. frá 17. júní 1944. Verður því að sýkna landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum stefnenda í þessu máli.

Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að dæma stefnendur til þess að greiða stefnda Bððvari Sigvaldasyni f. h. Veiðifélags Miðfirðinga málskostnað að upphæð kr. 970.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Að því er snertir stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Forsenda þessarar ákvörðunar er sú, að hér sé um fordæmismál að ræða, höfðað til þess að skera úr áætlaðri réttaróvissu, og því ekki óeðlilegt, að hver aðili beri allan kostnað sjálfur.

Þar sem mál þetta er gafsóknarmál, ber dóminum að ákveða málf lutningslaun lögmanns stefnenda. Þykja þau laun hans og útlagður kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Við ákvörðun launa lögmannna í máli þessu hefur verið tekið tillit til þess, að tvö mál voru rekin samhliða og mjög lík að efni, þannig að gögn notuð í öðru málinu komu einnig að notum í hinu.

D ó m s o r ð:

Stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veðifélags Miðfirðinga á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóða á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda Böðvari Sigvaldasyni f. h. Veðifélags Miðfirðinga kr. 970.000 í málskostnað, þar af kr. 490.000 í málsvarnarlaun.

Málskostnaður að því er varðar stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs falli niður.

Málskostnaður gjafsóknaraðilja, stefnenda, ákveðst kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.
